

**Ed.**

**645. Frumvarp til laga**

**[360. mál]**

um breyting á lögum nr. 63/31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Annar og þriðji málslíðir 1. mgr. 3. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá og með 1. september 1987.

**A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .**

Frumvarp það, sem hér er lagt fyrir Alþingi, er í tengslum við frumvarp til tollalaga sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, er óheimilt að tollafgreiða vörur nema staðfesting gjaldeyrisbanka liggja fyrir um það að greiðsla hafi verið innt af hendi eða greiðsla tryggð með öðrum hætti, t.d. með lántöku eða greiðslufresti.

Með auknu frelsi í viðskiptum milli landa, sem markvisst hefur verið stefnt að á alþjóðlegum vettvangi og íslensk stjórnvöld hafa haft að leiðarljósi á undanförunum árum, hefur jafnt og þétt verið unnið að því að draga úr beinum afskiptum stjórnvalda af innflutningsverslun landsmanna.

Þannig er langmestur hluti innflutnings til landsins ekki lengur háður leyfisveitingum og sama gildir nú um útflutning á iðnaðarvörum. Enn fremur hafa reglur um gjaldeyrismál verið gerðar frjálslægri á undanförunum árum þar á meðal reglur um gjaldeyriseign fyrirtækja sem einstaklinga. Í ljósi þessa er eðlilegt framhald þessarar þróunar í innflutnings- og gjaldeyrismálum að reglur varðandi tollmeðferð á vörum séu einfaldaðar.

Til þess að nálgast megi fyrirnefnd markmið er því lagt til samkvæmt frumvarpi þessu að tollyfirvöldum verði ekki lengur gert að skyldu að fylgjast með því að erlendar kröfur vegna kaupa á vörum til landsins hafi verið greiddar í banka eða greiðsla tryggð.

Gert er ráð fyrir að af hálfu viðskiptaráðuneytisins verði settar nánari reglur varðandi gjaldeyrisviðskipti vegna innflutnings á vörum þar sem innflytjendum verði gert að gera bönkum grein fyrir viðskiptum varðandi vörur sem afhentar fást frá farmflytjendum gegn greiðslufresti án þess að greiðsla hafi áður verið innt af hendi, en greiði í öðrum tilvikum kröfur vegna slíkra vörusendinga innan tilskilins frests. Til þess að auðvelda gjaldeyrisfirvöldum eftirlit með þessum viðskiptum er jafnframt gert ráð fyrir að tollyfirvöld láti gjaldeyriseftirlitinu í té upplýsingar um innflutning til landsins til samanburðar við þau gögn, sem viðskiptabankar hafa, um gjaldeyrisviðskipti vegna innflutnings á vörum. Um heimild til setningar skilyrða um innflutning og gjaldeyrisölu samkvæmt framansögðu og viðurlög ef út af þeim er brugðið vísast til 3. mgr. 1. gr., 15. gr. og 17. gr. laga nr. 63/1979.

Rétt þykir einnig að taka fram að eftirlit með greiðslu fyrir innfluttar vörur fer í flestum tilvikum sjálfkrafa fram þar sem farmflytjandi er oftast skuldbundinn til þess að afhenda ekki vöru fyrr en sýnt er að greiðsla hafi farið fram.